

Ílát sem innihalda samtals innan við fjóra lítra af fljótandi köfnunarefni né fyrir ílát með fljótandi köfnunarefni sem hafa þéttlokaðan ytri búnað þaðan sem uppgufað köfnunarefni er leitt með slöngu eða öðru álíka út fyrir ökutækið.

Ílát með fljótandi köfnunarefni skal við flutning vera örugglega fest til að koma í veg fyrir að það velti.

### Gildistaka.

6. gr.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1996.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1995.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Gylfi Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Dalvík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Dalvík.

1. Aðalbrautaréttur verður á Hafnarbraut, Skíðabraut og Gunnarsbraut og stöðvunarskylda á öllum götum, er að þeim liggja.
2. Mímisvegur, Böggvisbraut, Karlsrauðatorg og Bjarkarbraut verða aðalbrautir og biðskylda á aðliggjandi götum gagnvart nefndum götum.
3. Bjarkarbraut vikur fyrir umferð á Mímisvegi og Goðabraut. Mímisvegur vikur fyrir umferð af Böggvisbraut. Goðabraut vikur fyrir umferð af Mímisvegi. Vegur frá skíðasvæði hefur stöðvunarskyldu á Böggvisbraut. Umferð úr Svarfaðarbraut vikur fyrir umferð úr Hólavegi.
4. Á eftirtöldum götum verður 30 km hámarkshraði: Á öllum götum vestan Gunnarsbrautar og norðan Karlsrauðatorgs, þ.e. Karlsbraut, Bárugötu, Brimnesbraut, Ægisgötu, Drafnarbraut, Lokastíg og Öldugötu. Einnig á Ránarbraut, Martröð og Karlsrauðatorgi austan Hafnarbrautar.

Fyrirnefndar breytingar á umferð verða gefnar til kynna með umferðarmerkjum.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 9. nóvember 1995.*

**Elías I. Elíasson.**